

**Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík**

Reykjavík, 5. september 2014

Til: Skúla Sveinssonar, formanns vinnuhóps sem ætlað er að taka til skoðunar starfsemi eftirlitsstofnana sem m.a. hafa áhrif á atvinnulíf og samkeppni
Frá: Borghildi Erlingsdóttur, forstjóra Einkaleyfastofunnar

Efni: Álit Einkaleyfastofunnar varðandi eftirlitsstarfsemi stofnunarinnar

Einkaleyfastofunni barst erindi þann 21. ágúst sl. undirritað af Skúla Sveinssyni formanni vinnuhóps á vegum forsætisráðuneytisins sem ætlað er að taka til skoðunar starfsemi eftirlitsstofnana sem m.a. hafa áhrif á atvinnulíf og samkeppni. Í bréfinu er óskað eftir álitum Einkaleyfastofunnar á því að hve miklu leyti er unnið eftir viðmiðum OECD um meðferð mála hjá eftirlitsstofnunum og hvort Einkaleyfastofan telji að viðmiðin henti sem leiðbeiningar. Einnig er óskað eftir ábendingum um hvernig bæta megi eftirlitsstarfsemi hjá Einkaleyfastofunni þar með talið hvort þær reglur sem stofnunin starfar eftir séu við hæfi.

Hlutverk Einkaleyfastofunnar er að fara með málefni varðandi einkaleyfi, vörumerki, hönnunarvernd, byggðamerki og önnur hliðstæð réttindi sem kveðið er á um í lögum, reglugerðum og alþjóðasamningum um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar. Stofnunin skráir vörumerki, hönnun og annast veitingu einkaleyfa, auk þess sem hún veitir upplýsingar og ráðgjöf varðandi hugverkaréttindi í iðnaði. Þá ber stofnuninni að stuðla að því að ný tækni og þekking sem felst í skráðum hugverkaréttindum verði aðgengileg almenningi. Starfsemi Einkaleyfastofunnar felur ekki í sér eftirlitshlutverk og á því framangreind fyrirspurn ekki við um þá starfsemi Einkaleyfastofunnar sem snýr að hugverkarétti.

Frá árinu 2006 hefur faggildingarsvið ISAC starfað innan Einkaleyfastofunnar. ISAC er skammstöfun á enska heitinu „Icelandic Board for Technical Accreditation“. Faggildingarsvið er sjálfstætt starfandi svið innan Einkaleyfastofunnar og markast starfsemi þess af lögum um faggildingu o.fl. nr. 24/2006. Rekstur faggildingarsviðs er fjárhagslega aðskilinn annarri starfsemi Einkaleyfastofunnar. Á faggildingarsviði ISAC er einn starfsmaður sem sér um daglegan og faglegan rekstur sviðsins

Um starfsemi faggildingarsviðs gilda Evrópureglur og alþjóðlegir staðlar. ISAC vinnur því ekki formlega samkvæmt viðmiðum OECD um meðferð mála hjá eftirlitsstofnunum.

ISAC starfar, eins og að framan greinir, samkvæmt lögum um faggildingu o.fl. nr. 24/2006 og reglugerð 566/2013 um markaðseftirlit, faggildingu o.fl., sem innleiðir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum. Rekstur og uppbygging faggildingastofa fer fram samkvæmt kröfum staðalsins ISO/IEC 17011 Samræmismat - Almennar kröfur vegna faggildingarstofa sem faggilda samræmismatsstofur. Að auki ber faggildingarstofum að uppfylla reglur og leiðbeiningar

Evrópustofnunar um samvinnu á sviði faggildinga (European Accreditation) þar sem ISAC er fullgildur meðlimur.

Faggildingu má nota sem tæki fyrir eftirlitsstofnanir til að m.a. aðgreina og einfalda eftirlit. Nokkrar ríkisstofnanir á Íslandi nýta sér faggildingu við eftirlit. Þar má nefna Samgöngustofu með aðalskoðun ökutækja og skoðun skipa, Umhverfisstofnun með aðalskoðun leikvalla, Mannvirkjastofnun með rafmagnsskoðanir og markaðseftirlit með rafföngum. Með þessu er hluta eftirlits komið í hendur sérhæfðra skoðunar, vottunar- eða prófunarstofa sem framkvæma eftirlit í nafni eða fyrir hönd viðeigandi stofnunar og tryggir aðgreiningu þess sem setur reglurnar og þess sem metur hvort eftir þeim er farið.


Faggilding er formleg viðurkenning þar til bærs stjórnvalds á því að aðili sé hæfur til að vinna tiltekin verkefni varðandi samræmismat. Samræmismat er mat á því hvort vara, ferli, kerfi eða aðili uppfylli kröfur.

Faggilding getur einnig verið mat á hæfni til að vinna tiltekin verk svo sem að prófa eiginleika efna, skoða ástand tækja og verksmiðja eða votta stjórnunarkerfi. Faggilding má ekki vera háð samkeppni vegna þess hlutverks hennar að tryggja að ekki sé vikið frá stöðlum vegna samkeppni milli aðila sem láta í té vörur og þjónustu. Faggilding er starfrækt alþjóðlega og miðar að því að vara sem er prófuð, skoðuð eða vottuð í einu landi af faggildum aðila sé viðurkennd í öllum löndum þar sem faggilding er starfrækt. Í Evrópu eru starfandi faggildingarstofur í meira en 40 löndum.

Faggildingu má skipta í tvo hópa, lögbundna og sjálfvalda. Lögbundin faggilding á við um skoðunar-, vottunar-, eða prófunarstofur sem starfa á sviðum þar sem gerð er ytri krafa um faggildingu. Ytri kröfur geta komið frá einstaka ríkjum og mismunandi mörkuðum. Samræmismatsstofur sem starfa fyrir hönd íslenska ríkisins þurfa lögum samkvæmt að vera faggiltar. Samræmismatsstofur sem ekki þurfa lögum samkvæmt að vera faggiltar geta valið að vera faggiltar til að öðlast meiri trúverðugleika, þar sem það að vera faggiltur þýðir að viðkomandi aðili er hæfur til að vinna tiltekin verkefni.

Eins og að framan greinir starfar faggildingarsvið ISAC eftir Evrópureglum og alþjóðlegum stöðlum. Faggildingarsviðið annast faggildingu þeirra aðila sem teljast hæfir til að framfylgja ákveðnu mati, framkvæma tilteknar prófanir, skoðanir eða vottun á stjórnunarkerfi.

Það er mat Einkaleyfastofunnar að reglur þær sem faggildingarsvið ISAC starfar eftir séu við hæfi er varðar faglega starfsemi sviðsins.

Virðingarfyllst,

Borghildur Erlingsdóttir, forstjóri